

**Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**

52  
23. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 8. þ. m., og beiðni oddvítans í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess að þingstaður Norðurárdalshrepps verði fluttur frá Hvammi í funda- og barnaskólahús hreppsins í Dalsmynni, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Bréf kirkjumálaráðuneytisins til biskups um flutning prestsseturs.**

53  
18. ágúst

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 15. þ. m., er fylgdi fundarsamþykkt safnaðarfundar Sandasóknar í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, um að prestssetur Sandaprestakalls verði framvegis á Þingeyri, og Sandar lagðir niður sem prestssetur, skal yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðuneytið hefir samkvæmt ósk safnaðarfundar og tillögum yðar ákveðið að prestssetur Sandaprestakalls verði framvegis á Þingeyri.

**S A M Þ Y K K T**

54  
30. apríl

um

breyting á samþykkt um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Í stað orðanna „borgi 3 kr. um dag hvern er verkið stendur yfir“ í 3. gr. komi: borgi tímakaup, sama og borgað er í hreppsvegum á því ári, sem verkið er unnið.

2. gr.

Fyrri hluti 8. gr. orðist þannig: Sé lán tekið til áveitufyrirtækisins, skal vöxtum og afborgunum jafnað á allar jarðir, er tilkall hafa til áveitunnar eða afræslunnar eftir hundraðatali þeirra, og skulu ábúendur jarðanna greiða hið ákveðna gjald á þeim gjaldþega, sem eftirlitsmaður ákveður.

54 Samþykkt þessi er hér með staðfest til að öðlast gildi þegar í stað og birt-  
30. apríl ist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1932.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Páll Pálmason.*

55  
30. apríl

## REGLUGERÐ

fyrir

rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Rafveita Seyðisfjarðarkaupstaðar er fyrirtæki, sem rekið er á kostnað bæjarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar skal falin rafveitunefnd, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Rafveitunefnd er skipuð þrem bæjarfulltrúum, er bæjarstjórn kýs til eins árs í senn. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar og er skipaður af bæjarstjórn að fengnum tillögum rafveitunefndar. Hann skal hafa sérþekkingu í raffræði. Hann á sæti á fundum rafveitunefndar og hefir þar málfrelsi og tillögu-rétt. Bæjarstjórnin setur rafveitustjóranum erindisbréf.

3. gr.

Rafveitunefnd hefir á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald og um-bætur, sölu á raforku og allt er að starfrækslu veitunnar lýtur. Hún skal gefa bæjarstjórn skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Að fengnum tillögum rafveitunefndar setur bæjarstjórnin nánari reglur um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar reglugerðar. Rafveitunefnd semur til-lögur til gjaldskrár fyrir veituna, undirbýr og annast framkvæmdir allra raf-veitumála bæjarins. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn rafveitunnar og vikur þeim frá, hvortveggja eftir tillögum rafveitunefndar og gefur þeim erindisbréf.

4. gr.

Rafveitustjóri annast daglega starfrækslu veitunnar, eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er